

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 1. tbl. 6. árg. 5. janúar 2012

Myndir auganblikksins eru teknar af heimasíðu Tónlistaskólans frá jóla-tónleikum strengjasveita 2011.



Þeirra er framtíðin sem trúá á fegurð drauma sinna.

Þessi orð lét Eleanor Roosevelt falla fyrir margt löngu og eiga þau ekki síður við á Íslandi í dag. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi rétt fyrir jólin að vera boðið í skóla einn hér í bæ, til að heyra af nýjungum í kennslu sem þar er verið að innleiða. Þegar ég kem á svæðið mætir mér kennari sem hefur starfað þar um nokkra hríð og býður mér til herbergis með sér. Sagðist hann hafa fengið það hlutverk að upplýsa mig um verkefnið. Við settumst niður og hefur hann frásögn sína. Ég varð þess strax að það hreinlega geislaði af honum kraftur, áhugi og spennan yfir þeirri upplifun sem hann var að reyna í þessari nýju nálgun að skólustarfinu. Hafði hann oft á orði að hann skyldi ekki af hverju kennarar væru ekki allir á fullu við að reyna nýjar leiðir í kennslu og breyttu hjá sér kennsluháttunum til að mæta nemendum betur. Sat ég þarna í herberginu og hlustaði, tók undir hér og þar og hreinlega leyfði mér að njóta þess að upplifa þennan ógnar kraft og áhuga sem sveif um herbergið og skólann. Var ég sjálfur farinn að svífa á bláu skýi áður en langt um leið og fylltist enn á ný aukinni hjartansýni á að skólustarf á Íslandi/Akureyri mætti fyllast þeirri andagift sem þarna gegnsýrði öll viðhorf. Varð mér að orði, hvort þetta væri ekki erfitt í þeim aðstæðum sem við lifðum við núna, lækku og niðurskurð á flestum sviðum? Ekki var það talin nein hindrun, því það sem hér réði ferð væru viðhorf til starfs, væntingar og það að leita lausna því þær væru allar við fætur okkar ef við leggjum okkur fram um að leita þeirra nógu gaumgæfilega.

Þegar heimsókn minni lauk fór ég sæll og glaður aftur til annarra verka, fullviss um að það sé satt sem ég hef lengi haldið á lofti að það sé mun heillavænlegra að **kveikja á kertinu fremur en að kvarta yfir myrkrinu**. Ég vonast til að samfélagið allt og sérstaklega skólasamfélagið nái að höndla gleðina sem er okkur svo nauðsynleg til að geta átt ánægjulegt og merkingarbart líf. Með þeim orðum þakka ég ykkur öllum starfsmönnum, nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á liðnu ári með von um gleðilegt og ánægjulegt samstarf á nýju ári.

Gunnar Gíslason fræðslustjóri.

Hádegismatseðlar í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar.

Um áramótin kom til framkvæmda breyting á skólamatseðlum leik- og grunnskóla bæjarins. Um tilraunaverkefni er að ræða þar sem ákveðið var að hafa sama matseðil í öllum skólunum. Meginmarkmiðið með þessari breytingu er að tryggja að öllum skólabörnum standi til boða hollur og næringarríkur hádegisverður.

Matseðillinn nær yfir sjö vikur í senn og er stefnt að því að hann verði mjög sýnilegur á heimasíðum skólanna.

Þar verður hægt að skoða matseðilinn fyrir hvern dag, sjá innihaldslýsingu máltíða og þegar fram líða stundir verður hægt að sjá útreiknað næringargildi matarins.

Matseðlarnir og innihaldslýsingarnar hafa verið unnar af sérfræðingum. Tilgangurinn með þessum breytingum er að gera foreldrum kleift að fylgjast vel með þeirri næringu sem nemendum býðst í skólanum. Einnig má nefna að undanfarin ár hafa borist ábendingar frá foreldrum sem eiga börn bæði í leik- og grunnskólum bæjarins þess efnis að oft geti verið erfitt að samræma matseðla heimilanna við matseðla skólanna. Er vonast til að tilraunaverkefni þetta komi til móts við óskir þessara foreldra.

Matseðlauppskriftir og upplýsingar um næringargildi má skoða á slóðinni <http://akmennt.is/matur>.

Akureyrarbær hefur gert samning við birgja er annast sölu á kjötvörum, fiski, ávöxtum og grænmeti. Með þeim samningi er reynt að tryggja gæði og ferskleika þeirrar vöru sem í boði er í hvert sinn, þar sem bærinn gerir ákveðna kröfu um gæði og ferskleika. Samið hefur verið við sérfræðinga um eftirlit með gæðum hráefnisins.

Ólöf Erla Ingólfssdóttir matráður í leikskólanum Iðavelli vann uppskriftirnar og setti saman matseðlana.

Guðrún Adolfsdóttir matvælafræðingur hjá Rannsóknarstofunni Sýni yfirfor matseðlana og skoðaði þá m.t.t. fjölbreytni og ráðlegginga Landlækniseimbættisins – Lýðheilsustöðvar. Rannsóknar stofnunin Prómat mun fylgjast með gæðum hráefnisins.

Fundaröð skólanefndar fyrir árið 2012.

Áætlun fyrir fundi skólanefndar árið 2012 er komin á vefinn. Þar má sjá hvaða mál eru á dagskrá og hvenær fundir eru hjá skólanefnd.

Fundaröðina má sjá á: http://skoladeild.akureyri.is/static/files/skolanefnd/fundarod_2012.pdf

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Á næstu vikum munu birtast hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Tilgangur og skipulag.

Markmið: Nemendur byggi upp jákvæða sjálfsmynd, læri að vinna með og tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga, efla frumkvæði og örvi sköpunargleði.

Í góðum skóla...

- er hlúð að jafnrétti kynjanna og leiða leitað til þess að árangur og líðan stúlkna og drengja sé sem best.
- virða nemendur almennar umgengnisreglur og skólareglur.
- fá nemendur tækifæri til að tjá sig um mál sem þá varðar og taka þátt í mótun skólasamfélagsins í samræmi við aldur og þroska.
- öðlast nemendur færni í samskiptum, ákvarðanatöku og sjálfstæðri hugsun.
- gefst nemendum kostur á að taka þátt í félags- og tómstundastarfi.
- eru verk nemenda áberandi á veggjum og/eða heimasíðu skólans.

Greinar í Netlu.

Starfendarannsókn um leik og læsi.

Í greininni er greint frá starfenda-rannsókn sem fram fór í einum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við tvo kennara. Markmiðið var m.a. að fylgjast með hvernig hugmyndir um tengsl leiks og náms þróuðust hjá kennurum meðan á starfendarannsókninni stóð.

Höfundar: Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir.

<http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/007.pdf>

Samskipti og lýðræði í leik.

Samskipti í lýðræði og leik er þróunarverkefni í leikskólanum Fífuborg. Markmið verkefnisins var að auka þekkingu og skilning á hlutverki og framlagi starfsmanna meðan á leik barnanna stendur og greina hversu mikil áhrif börnin sjálf hafa á leikinn.

Höfundur: Ásgerður Guðnadóttir.

<http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/006.pdf>

Leikur og læsi í leikskólum.

Greinin fjallar um lestrarkefnislausu í leikskólum en hún hefur færst nokkuð í vöxt hér á landi. Greinarhöfundur bendir á að skýra þarf betur aðferðir og mikilvæg hugtök á sviði náms og kennslu í tengslum við lestrarnám leikskólabarna.

Höfundur: Anna Þ. Ingólfssdóttir.

<http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>

Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska.

Greinin fjallar um rannsókn á því hvort málþroskamælingar við fimm ára aldur spái fyrir um námsgengi í samræmdum prófum í grunnskóla. Niðurstöður sýna að góð málþekking og hljóðkerfisvitund eru meðal þátta sem virðast stuðla að farsælu námi í grunnskóla.

Höfundar: Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir.

<http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>

Úr fundargerð Samtaka, Svæðisráðs foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar.

Gestur á fundinum var Gréta Kristjánsdóttir, forvarnarfulltrúi. Gréta kynnti helstu verkefni bæjarins í forvarnarmálum og greindi m.a. frá Maritafræðslu fyrir börn úr fimmta bekk og foreldra þeirra. Vegna heldur dræmrar þátttöku stendur til að bjóða uppá Maritafræðslu aftur á nýju ári. Gréta greindi einnig frá forvarnarátaki gegn áfengis-, tóbaks-, og vímuefnaneyslu, fræðslu gegn kynferðisofbeldi fyrir ungmenni úr 7. til 10. bekk í samstarfi við Aflíð. Gréta kynnti fræðslu gegn einelti í 8. bekk þar sem undirstaða þeirrar fræðslu er myndband. Þá kynnti Gréta til sögunnar tölvufræðslu fyrir nemendur í 10. bekk sem er í höndum Guðjóns Haukssonar. Umræða fór fram um stöðu ungmenna á Akureyri og greindi Gréta frá áhyggjum sínum af vaxandi fíkniefnaneyslu ungmenna hér í bænum. Sjá nánar á <http://samtaka.net/>

Fræðslufundur Miðstövar skólaþróunar.

Fimmtudaginn 19. janúar kl. 15.20.-16.20 mun Hrund Hlökkversdóttir stjórnandi leikskóladeildar Hrafnagilsskóla flytja erindið: *Það kemur miklu meira á vagninn: Lykilþættir breytingarstarfs.* Fundurinn er haldinn að Sólborg við Norðurslóð í L-202

Gjaldskrárhækkanir 1. janúar 2012.

Leikskólar: Gjaldskrá vegna vistunar barna hækkar um 12%. Gjaldskrá vegna fæðis er hækkuð um 5%. Sjá gjaldskrá:

<http://www.akureyri.is/is/moya/page/leikskolar-akureyrarbajar>

Grunnskólar: Gjaldskrá í frístund er hækkuð um 12% frá áramótum.

Gjaldskrá skólamötuneyta er hækkuð um 14%.

Nýja gjaldskrá fyrir grunnskóla - frístund og skólafæði frá 1. janúar 2012 má sjá hér:

<http://www.akureyri.is/is/moya/page/grunnskolar-fristund-og-skolafaedi>